NIVOPLAN 350

Rykmildur pússningarmúr til innanhússnotkunar



LÝSING

Nivoplan 350 er sementsbundinn pússningarmúr, ætlaður á gólf og veggi úr steinsteypu, léttsteypu, keramikflísum, gipsi eða gipsplötur.
Nivoplan 350 er til innanhússnota, bæði í nýbyggingum og viðhaldi eldri húsa.

TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR

Nivoplan 350 er sementsbundinn þurrmúr, sem inniheldur auk þess fylliefni og vandlega stærðarflokkuð jarðefni. Auk þessa er að finna í múrnum sérstaklega þróuð hjálparefni, úr tilraunastofum Mapei. Múrinn skal blanda með vatni eingöngu, og er hann ætlaður til notkunar innanhúss.

VINNSLULEIÐBEININGAR

Undirbúningur undirlags

Steinsteypuyfirborð skal hreinsa þannig að það sé laust við ryk, sementsflögur og önnur óhreinindi sem dregið geta úr viðloðun. Lausa eða lélega steypu skal fjarlægja. Slétta eða slípaða fleti ætti að matta til að tryggja sem besta viðloðun.
Gleypir fletir skulu vættir vandlega, og séu þeir mjög gleypir eða vatnsdrægir, ætti að væta þá einnig daginn fyrir múrun. Sé undirlag úr gipsi eða skyldum efnum, er nauðsynlegt að grunna fyrst með **Primer Eco**.

Blöndun

Hellið duftinu saman við rétt vatnsmagn og hrærið í u.þ.b. 3 mínútur í hrærivél, eða hálfa aðra mínútu með borvélarhræru. Stilla má þjálni blöndunnar með vatnsmagninu, en ekki er mælt með að nota meira vatn en gefið er upp. Bætið ekki við vatni, eftir að múrinn er byrjaður að harðna.

Múr lagður út

Leggið út með venjulegum áhöldum, sléttum spaða eða bretti. Meiri þykkt er lögð út með bretti. Yfirborð er sléttað með stál- eða filtbretti.

Frágangur

Það er engin þörf á frágangsvinnu. Gróft svæði er hægt að nudda eða skafa burt daginn eftir. Þykkt allt að 30 mm verður tilbúin fyrir kerfi fyrir vatnsþéttingu með ógegndræpri himnu eins og **Mapeguard WP** eftir að minnsta kosti sólarhring. Þykkari lög þurfa lengri biðtíma.

HREINSUN

Hreinsið óharðnaðan múr af verkfærum og tækjum með vatni. Eftir hörðnun er einungis hægt að hreinsa með skröpun eða ámóta aðferðum.

EFNISNOTKUN

1,3 kg/m² á hvern mm þykktar.

PÖKKUN

Nivoplan 350 er fáanlegt í 15 kg sekkjum, 720 kg/bretti.

GEYMSLA

Nivoplan 350 þolir geymslu í 12 mánuði í óopnuðum upprunalegum umbúðum á þurrum stað.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar **www.mapei.no** okkar.

VARA ÆTLUÐ FAGMÖNNUM TIL NOTKUNAR.

TÆKNIUPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

VÖRULÝSING	
Eðlisástand:	duft
Litur:	grár
Mesta kornastærð:	0,4 mm

VINNSLUEIGINLEIKAR (+23°C og 50 % loftraki)	
Blöndunarhlutfall:	100 hlutum **Nivoplan 350** (15 kg) er blandað við 18 - 20 hluta vatns (2,7 - 3,0 lítra)
Floteiginleikar múrblöndu:	breytilegt álagstengt flot (thixotropic)
Eðlismassi:	1520 kg/m³
pH (sýrustig) múrblöndu:	um 13
Þykktarbil útlagnar:	3 - 50 mm
Vinnsluhitabil:	+5°C – +30°C
Hámarks vinnslutími múrblöndu:	um 15 mínútur
Biðtími fyrir þétt yfirborðslag:	1 - 3 dagar eftir þykkt

ENDANLEGIR EIGINLEIKAR (20 % vatnsinnihald)			
Eiginleiki	**Mæli-aðferð**	**Kröfur skv. EN 998-1**	**Niðurstöður**
Styrkur múrs:	EN 1015-11	CS IV	≥ 6 N/mm² (28 dagar)
Viðloðun við undirlag:	EN 1015-12	engar kröfur	0,8 N/mm²
Vatnsdrægni:	EN 1015-18	W2	0,12 $kg \cdot m^{-2} \cdot h^{-0,5}$
Varmaleiðni:	EN 1745	engar kröfur	0,45 $W \cdot m^{-1} \cdot K^{-1}$
Ending:		NPD	
Brunaþol:	Euroclass	yfirlýsing framleiðanda	A1

TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI

Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en endanlega skjalið skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara MAPEI er notuð. Hægt er að hlaða niður nýjustu tækniblöðum frá heimasíðu okkar á www.mapei.no

ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA REKJA MÁ TIL ÞESSA ÖRYGGISBLAÐS ÓGILDA ÁBYRGÐ MAPEI.

VIÐVÖRUN

Þótt þær tæknilegu upplýsingar og ráðleggingar sem er að finna í þessu upplýsingablaði um vöruna séu í samræmi við bestu vitund okkar og reynslu eru allar ofangreindar upplýsingar aðeins til viðmiðunar í hverju tilviki fyrir sig og ber að líta á þær sem upplýsingar sem bíða staðfestingar eftir lengri notkun. Því verður hver sá sem hyggst nota vöruna að ganga úr skugga um það fyrirfram að hún henti til ætlaðrar notkunar. Notandinn er í öllum tilfellum einn að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum af notkun vörunnar.

Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tækniblaðinu sem finna má á vefsetri okkar, www.mapei.no

Mapei AS

Vallsetvegen 6, 2120 Sagstua, Norge

+47 62 97 20 00 www.mapei.no post@mapei.no

178-5-2021-is

Öll afritun texta, mynda og skýringamynda úr þessum bæklingi er bönnuð, og gæti leitt til málssóknar.